

Tillaga að nýrri gjaldskrá vatnsveitu Árborgar

Gjaldskrá vatnsveitu Árborgar hefur verið óbreytt í töluverðan tíma og tengigjald eingöngu verið uppfært miðað við byggingarvísitölu síðustu áratugi. Þróun byggingarvísitölu endurspeglar ekki alltaf þróun á kostnaði vegna lagningu heimtauga og því nauðsynlegt að endurskoða gjaldskrána reglulega þannig að hún sé í takt við þann kostnað sem fellur til vegna lagningu heimtauga.

Verkfræðistofan Verkís var fenginn til að meta kostnað við heimtaugar vorið 2021. Kostnaður við heimtaugar eru þar metnar hærrí en núverandi gjaldskrá gerir ráð fyrir og því lagt til að tengigjald verði endurskoðað. Samanburður á núverandi tengigjaldi og nýrri tillögu má sjá hér að neðan. Einnig er tengigjald Norðurorku til samanburðar en í því gjaldi er eingöngu 20m en ekki 30m líkt og hjá Árborg

Stærð	Núverandi(30m)	Ný tillaga(30m)	Norðurorka(20m)
PE-32	227.109	291.000	266.644
PE-40	305.303	315.000	407.805
PE-50	345.046	355.000	550.540
PE-63	392.313	449.000	770.753
PE-75	414.039	573.000	1.117.592
PE-90	615.406	759.000	1.676.391

Yfirlengdargjald hefur einnig verið gefið upp í krónutölum en lagt er til að því verði breytt og það sett sem 2% af grunngjaldi. Þ.e.a.s ef heimtaug er lengri en 30 metrar þá hækkar tengigjald um 2% fyrir hvern umfram meter. Ef óskað er eftir auka tengigrind þá bætast við 10% við heimtaugargjald á hverja auka grind.

Töluvert hefur verið beðið um bráðabirgðatengingar(byggingarvatn) en enginn gjaldliður er til í gjaldskránni sem tekur á slíku. Byggingaraðilar hafa fengið bráðabirgðatengingar en ekki hefur verið innheimt fyrir það, þó svo að efni og vinna liggja að baki. Lagt er til að bæta við lið þar sem bráðabirgðatenging kostar 30% af kostnaði heimtaugar.

Stærð	Bráðabirgðatenging
PE-32	87.300
PE-40	94.500
PE-50	106.500
PE-63	134.700
PE-75	171.900
PE-90	227.700

Mannvirkja og umhverfissvið

Með þessu er verið að tryggja að gjaldtaka sé í takt við þann kostnað sem fellur til.

Óskað er eftir afstöðu eigna- og veitunefndar varðandi þessa tillögu.

Sigurður Þór Haraldsson

Veitustjóri